

og efnahagsreikning 31. desember 1978, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins. Tilgreind skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 16. febrúar 1979.

Vigfús Gunnarsson, Einar Sverrisson.  
lögg. endurskoðandi.

4. maí 1979.

Nr. 211.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á uppdrætti af aðalskipulagi Ólafsfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. maí 1979 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Ólafsfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19 1964 gera ráð fyrir.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1979.*

F. h. r.  
Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

11. maí 1979.

Nr. 212.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. mars til 31. maí 1979.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. mars til 31. maí 1979:

#### Óverkaður saltfiskur:

Stórfiskur nr. 1 .....	kr. 833.00
Millifiskur nr. 1 .....	— 777.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1 .....	— 672.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1 .....	— 620.00

Verð þessi eru f.o.b. Verðbil verður 6%, er miðast við varðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu án verðbils.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1979.*

F. h. r.  
Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*